

68. fundur skráningarráðs haldinn fimmtudaginn 15. nóvember 2012, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9-11

Fundarmenn: Árný Sveina Þórólfsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sóttu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

1. **Kosning formanns.** Þóra Sigurbjörnsdóttir var kosin formaður með öllum greiddum atkvæðum.
2. **Fundargerð 67. fundar.** Fundargerðin var yfirfarin og samþykkt.
3. **Fundartími.** Fundartími í vetur var ákveðinn annar miðvikudagur í mánuði kl. 9-11 eins og verið hefur.
4. **Erindisbréf skráningarráðs.** Erindisbréfið var lesið yfir og rætt um hvort það þurfi að endurskoða með tilliti til þess að við erum að fara inn í mjög breytt skráningarumhverfi. Skráningarráð á að setja reglurnar en gæðahópur hefur unnið að framkvæmd samkvæmt verkefnaplani, en gæðahópurinn hefur oft verið fyrri til að framkvæma. Samskipti og verksvið þyrftu að vera formlegri og skýrari þannig að ekki sé framkvæmt án samráðs við skráningarráð, t.d. flutningur færslna inn í Gegni. E.t.v. þurfa fleiri aðilar að koma að og skoða málin en það þarf að vera skýrt hvar á að taka ákvarðanir. Hildur spurði um þjónustusamning Landskerfis við aðildarsöfn og breytingar á honum. Sveinbjörg sagði stjórn Landskerfis hefði tekið vel í ósk stjórnar Aleflis á samráðsfundi í síðustu viku um að endurskoða gjalddöku fyrir skráningarnámskeið. Verið er að breyta Alefli og víkka út hlutverk þess, nýtt fulltrúaráð kemur saman í næstu viku. Sveinbjörg taldi að þörf væri á nánara samstarfi við Alefli. Þetta þarf að skoða í víðu samhengi.
5. **Mörg ISBN númer.** Það er orðið æ algengara að í bókum séu mörg ISBN númer og er þá sitt hvert númerið fyrir mismunandi form efnis, t.d. innbundnar eða óbundnar bækur, PDF skjöl, Kindle o.s.frv. og er það reyndar í samræmi við RDA reglurnar, þ.e. að hugverkið sé það sama óháð útgáfuforminu. Árný telur að við eigum aðeins að nota það númer sem er á ritinu sem við erum með í höndunum, það getur verið villandi fyrir notandann að hafa mörg ISBN númer. Mælt er með því að eyða ekki ISBN-númerum úr veiddum færslum, en skrásetjari meti hversu mörg númer eru sett inn við frumskráningu.
6. **DVD og Blu-ray.** Skráning DVD og Blu-ray mynddiska í sömu færslu. Það er í lagi að skrá DVD og Blue-ray í einni færslu en gera þá nánari grein fyrir efninu í eintakstengingu. Endurtaka þarf svið 007 með mismunandi kóða í sæti 004. Hildur ætlar að senda póst á Vöndu.
7. **Undanþágubeiðni.** Undanþágubeiðni um skráningarheimild var synjað. Önnur undanþágubeiðni hafði verið samþykkt í tölvupósti í október.
8. **Önnur mál.** A) Árný ræddi um að hafa samvinnu við DNB (þýsku þjóðbókaskrána) í sambandi við skráningu á þýska bókasafninu í Bókasafni Hafnarfjarðar og talið var æskilegt að hafa tengilið þar og stefna að færsluveiðum. B) Pólsku bókstafirnir. Rætt var um skráningu á

pólsku efni en pólsku bókstafirnir hafa verið skráðir á mismunandi hátt og koma þeir út með feitu lettri í Gegni (ekki á Gegnir.is). Mælt var með því að skrá þá eins og stendur á riti og sækja stafi í sérstafatöfluna. C) Sigrún Hauksdóttir sagði frá flutningi á tímaritafærslum inn í Gegni. Um er að ræða færslur fyrir tímarit sem ekki eru skráð í Gegni en eru annars vegar í Landsaðgangi og hins vegar í séráskrift tiltekinna safna. Tenging gegnum SFX er nú komin í lag en það þarf að yfirfara FIX sem byggir upp og aðlagar skráningarfærslurnar. D) Verið er að uppfæra leitir.is. og verður fjórða útgáfa af Primo sem er hugbúnaðurinn bak við leitir.is sett upp sett upp 26. Nóvember og fer í loftið næstu daga á eftir. Sigrún Hauksdóttir greindi frá nýjum möguleikum við afmörkun leitar (include/exclude) á leitir.is, t.d. eftir tungumáli (ef notandi kys er hægt að afmarka leitina við t.d. ensku og íslensku), fræðigrein eða árabili. Flettileit og nýr farsímavefur með möguleika á innskráningu er einnig hluti af nýju útgáfunni. E) Þóra spurðist fyrir um möguleika á að eyða forðafærslum sem ekkert er á bak við. F) Hildur sagði frá því að 32.590 færslur fyrir tímaritsgreinar eru nú með rafrænan aðgang að heildartexta í Timarit.is. Þetta er samstarfsverkefni Landskerfis og Landsbókasafns. G) Sveinbjörg sagði frá því að Ex Libris hefði falast eftir því að halda kynningu fyrir aðildarsöfn Gegnis á nýju kerfi Alma og myndi kynningin fara fram fyrir hádegi þann 4. desember. – Fleira var ekki rætt og var næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 12. desember kl. 9